

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Hólmaþing 5 og 5b. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 13. júlí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Hólmaþing 5 og 5b. Í breytingunni felst að skipta lóðinni að Hólmaþingi 5 í tvær lóðir. Hólmaþing 5 verður eftir breytingu 2.020 m² og hin nýja lóð, Hólmaþing 5b verður 1.145 m². Ný aðkoma er gerð að Hólmaþingi 5 sem færist frá Hólmaþingi að Guláþingi. Á lóðinni að Hólmaþingi 5 verður byggingarréttur óbreyttur en á lóðinni að Hólmaþingi 5b er gert ráð fyrir einbýlishúsi á einni hæð auk kjallara. Aðkoma verður að efri hæð hússins en bílageymsla og íveruherbergi verða í kjallara. Hámarks vegg hæð verður 7,5 metrar og þakform er frjálst. Grunnflötur er áætlaður 136 m² og hámarks byggingarmagn er 272 m². Gert er ráð fyrir þremur bílastæðum á lóðinni. Aðkoma að lóðinni verður milli Hólmaþings 3 og 7.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 17. júlí 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2017